

# Foreldaráðsfundur 25. september 2018

## Verkaskipting var ákveðin fyrir foreldrakvöldið 2. október

- Haffi verður fundarstjóri og kynnrir reikningar félagsins . Haffi sér einnig um það og heyra í skoðunarmönnunum (Birnu Guðrúnu og Önnu Sif) og kanna hvort að þeir bjóði sig áfram fram sem skoðunarmenn. Ef ekki þá fáum við eiginmann hennar Siggu til að koma inn.
- Haffi mun leggja fram tillögu á fundinum um að hækka gjöld úr 2.000 kr. í 2.500 kr. fyrir hönd ráðsins.
- Silla sér um að fara yfir starf foreldraráðsins 2017-2018 með glærुकynningu.
- Berglind Viðarsdóttir verður fundarritari
- Ákveðið var að tala aftur við Sóma og panta veitingar hjá þeim en sleppa öllu kexi og kleinum. Keypt verður sódavatn og kaffi, servéttur og glös. Gréta, Inga Rut, Kristín og Anges sjá um þetta.
- Fá sem flesta í ráðinu til að mæta kl. 18:30 og hella uppá og raða á borð og taka á móti Jóni Halldórssyni fyrirlesara.
- Silla sér um að vera í bandi við Þorkel og biðja hann um að senda út tölvupóst á foreldra um foreldrakvöldið mánudaginn 1. október.

## Styrkveitingar

Ákveðið var að styrkja Nemó umk 300.000 kr. Þetta er peningur sem færi í að endurnýja ljósmyndabúnað og í fyrirlesara (eða annað sem Pétur nefnir- á eftir að fá það á hreint og mun hafa samband fyrir aðalfundinn varðandi þetta).

Einnig var ákveðið að taka þátt í eineltisverkefni í samstarfi við námsráðgjafa skólans þar sem unnið er með orðið SAMAN. Silla er búin að tala við Berglindi Helgu námsráðgjafa og stýrir hún verkefninu og verður í sambandi við ráðið þegar búið er að móta það að fullu. Verkefnið verður unnið m.a með Bjarti Guðmundssyni leikara og árangursþjálfara. Nánar um það síðar. Styrkurinn frá foreldrafélaginu verður á bilinu 60.000-120.000 kr.

## Önnur mál

### Ballgæslan

Kristín ræddi um að skoða verð á QR kóða skönnum til að bæta ballgæsluna. Er á byrjunarstigi. Verður rætt betur síðar en Kristín kannar verð á þessum græjum. Einnig var rætt hvort að krakkar gætu keypt tvo miða og selt á svörtu og hvort að þau gætu keypt miða fyrir vin á Versló verði eða ekki? Þurfum að heyra í Pétri með það.

Hafa einn stóran vinning í Edrúpotti? Tala við fyrirtæki og fá flottann vinning? Síma, heyrnartól?

### Fundur með stjórnendum

Rætt var að í október eða nóvember að kalla stjórnendur skólans á fund og ræða m.a

- Stærðfræðikennslu (komast færri að en vilja í aukatíma?)
- Veikindi krakkar (punktur)
- Er átröskun vandamál í skólanum? Eitthvað sem við getum gert?
- Keppnisferðalög. Þegar krakkar fara í keppnisferðalög – er misjafnt milli kennara með próf osfv?

**Þáttaka foreldra**

Við ræddum ennfremur hvort að það gæti verið góð hugmynd að biðja foreldra um að koma með hugmyndir að verkefnum fyrir foreldraráðið/félagið að styðja eða halda.